

## Skýrsla keppnisráðs í Rallycrossi 2022

Keppnishald gekk vel og áfram mikil þátttaka keppenda í öllum flokkum og mótum.

Eftir uppfærslu á reglum í fyrra, varð mun auðveldara fyrir dómnefnd að vinna með reglurnar og keppendur áttu auðveldar með nálgun á þeim.

Byrjað var að gera Rallycross braut hjá Bílaklúbb Akureyrar, sem var mjög góð viðbót við keppnishald í Rallycross sem hefur nánast, undanfarin ár, einungis verið á einni braut. Er það von keppnisráðs að BA bæti í og klári brautina eftir reglum um smíði Rallycross-brauta.

Dómgæsla gekk nokkuð vel fyrir sig og þurfti ekki að taka á neinum alvarlegum málum, að undanskyldri keppni á Akureyri, gekk tímabilið vel fyrir sig.

Keppnin á Akureyri var því miður ekki eins góð og vonað var, brautin í raun ekki tilbúin fyrir Íslandsmót. Þrátt fyrir góðan vilja hjá BA hefði mátt gera betur og hefur keppnisráð trú á að þau mál verði komin í lag á næsta ári.

Í október hélt keppnisráð opinn fund um komandi uppfærslur og breytingar á reglum. Nokkrar tillögur komu frá fundargestum sem síðar voru teknar fyrir af keppnisráði.

Ekki eru miklar breytingar á reglum í Rallycrossi, einungis nokkrar smávægilegar breytingar á flokka- og keppnisreglum.